



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um jafnréttismál Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttathing ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, samþykkir að íþróttahreyfingin skuli stuðla að jafnrétti í öllu íþróttastarfi og hvetur allar einingar í íþróttahreyfingunni til að innleiða jafnréttisáætlanir í starf sitt.

Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningar ÍSÍ og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana.

Greinargerð:

Töluverður árangur hefur náðst á síðustu árum við að jafna hlut kynja í íþróttastarfinu og auka við fjölbreytileika. Betur má þó ef duga skal.

Sérstaklega má nefna kynjahalla meðal dómara í hreyfingunni og þá sérstaklega í dómgæslu á efsta stigi og meðal þjálfara á efsta stigi. Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem víðustum skilningi sé gætt.

ÍSÍ hefur verið í samstarfi við Jafnréttisstofu um gerð annars vegar „Leiðbeininga um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSÍ heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara. Ofangreind gögn er að finna á heimasíðu beggja aðila.

Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri fyrir markvissa vinnu að því að jafna stöðu kynjanna og vinna gegn mismunun. Áætlunin er formlega samþykkt skjal þar sem fram koma markmið og aðgerðir til að ná þeim.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar